

Aðalfundur Starfsmannafélags Suðurnesja haldinn mánudaginn 20. apríl 2015 að Krossmóa 4 5 hæð Kl 20.00.

Formaður setti fund kl: 20:00 og bauð fundarmenn velkomna og kom með tillögu um að Ragnar Örn Pétursson yrði fundarstjóri og Ágústa Guðmundsdóttir ritari og var það samþykkt. Alls eru mættir 65 félagsmenn.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir árið 2014 lagðir fram til samþykktar.
3. Lagabreytingar.
4. Kosning formanns skv. 6. gr.laga félagsins.
5. Kosning stjórnar skv. 6. gr.laga félagsins
6. Kosning endurskoðenda skv. 6. gr. laga félagsins.
7. Kosning nefnda.
8. Ákvörðun félagsgjalda.
9. Kosning fulltrúa á þing B.S.R.B.
10. Önnur mál.

1. Skýrsla stjórnar.

Stefán B. Ólafsson formaður las skýrslu stjórnar. Fór yfir hverjir voru kosnir í stjórn félagsins á aðalfundi sem haldinn var 2014 og hvað kjósa þurfi nú.

Kjósa þarf í stöðu tveggja aðalmanna til tveggja ára og 1 varamanns til eins árs.

Stjórnin félagsins s.l. ár og verkaskipting:.

Stefán B. Ólafsson formaður
Halla Þórhallsdóttir ritari
Eiríkur B. Eysteinnsson gjaldkeri
Kjartan F. Adolfsson varaformaður
Tómas Elí Guðmundsson meðstjórnandi
Margrét Böðvarsdóttir varastjórn til eins árs.

Á þessum aðalfundi verður lögð fram tillaga frá uppstillingarnefnd félagsins en í henni sitja Þorgerður Guðmundsdóttir, Hrefna Gunnarsdóttir, Hafsteinn Ingibergsson. Nefndin leggur fram eftirfarandi lista yfir frambjóðendur til kjörs til stjórnarsetu í aðalstjórn til tveggja ára og einn í varastjórn til eins árs.

Til formennsku.

Stefán B. Ólafsson
Davíð Jón Kristjánsson.

Aðalstjórn og varastjórn.

Eiríkur Bjarki Eysteinnsson
Kjartan F.Adolfsson
Hólmar Magnússon

Orlofsmál:

Rekstur orlofshúsa félagsins er stór þáttur í starfsemi félagsins, en félagið á sjö orlofshús 6 hér á landi og 1 á Spáni. Það hefur verið unnið í Reykjaskógi í haust og vetur við endursmíði á húsinu okkar þar því í ljós kom að húsið var nánast ónýtt. Sem dæmi varð að taka upp allt gólfíð og baðherbergið, skipta um glugga opna alla veggi vegna leka og raka. Vinnu verður lokið við endurnýjun hússins í maí nk. Nefndin hefur þegar hafið undirbúning að næsta áfanga í Munaðarnesi sem farið verður í vonandi sem fyrst.

Kjaramál.

Vinna er hafin við næstu samninga með samtölum við félagsmenn, ekkert er að gerast og stefnir í verkföll hjá mörgum stéttarfélögum. Formaður er í samstarfi við BSRB og hafa verið haldnir 6 stjórnarfundir, þá hafa verið haldnir fjölmargir aukafundir m.a. vegna vegna framlengingu á kjararsamningum. Erum í góðu samstarfi með stéttarfélögum í Hafnarfirði, Kópavogi, Garðabæ og Mosfellsbæ

Á s.l. ári hefur verið nóg að gera, það hafa verið stór mál í gangi eins og flutningur Garðvangs yfir á Nesvelli, öllum þeim vaxtaverkjum sem fylgdu þeim og svo uppsagnir hjá Reykjanesbæ á yfirtíð sem í þeim skilningi að þessi yfirtíð var greidd vegna þess að launin voru svo lág hjá sveitarfélaginu og þessi aðferð var notuð til að hækka launin.

2. Reikninar félagsins:

Eiríkur Bjarki las upp reikninga félagsins

Skýrsla stjórnar og reikningar félagsins voru bornir upp til samþykktar. Nokkrar spurningar komu fram og var þeim svarað varðandi reikning félagsins, síðan voru skýrsla og reikningar. Samþykkt með meirihluta atkvæða.

3. Lagabreytingar

Ekkert mál þar á dagskrá.

4. Kosning formanns samkv. 6. gr

Í kjöri eru Stefán B. Ólafsson
 Davíð Jón Kristjánsson.

Kjörseðlar voru afhentir öllum fundarmönnum 65 talsins

Kosning fór þannig: Stefán B. Ólafsson fékk 55 atkvæði
 Davíð Jón Kristjánsson fékk 9 atkvæði
 1 seðill auður.

5. Kosning stjórnar skv. 6. gr.

Kjörseðlar voru afhentir öllum fundarmönnum og átti hver fundarmaður að merkja við 2 aðila á kjörseðlunum. 65 seðlar voru afhentir til félagsmannana.

Í kjöri eru: Eiríkur Bjarki Eysteinnsson
 Kjartan F. Adólfsson
 Hólmar Magnússon

Niðurstöður kosninga : Eiríkur Bjarki Eysteinnsson fékk 59 atkvæði
Kjartan F. Adólfsson fékk 58 atkvæði
Hólmar Magnússon fékk 11 atkvæði.
1 seðill var auður.

Eiríkur Bjarki og Kjartan eru því réttkjörnir til tveggja ára
Hermann Ólason er einn í kjöri til varamanns og er því réttkjörinn.

6. Tillaga um endurskoðenda skv. 6. gr. laga félagsins..

Tillaga um skoðunarmenn til eins árs. Guðmundur E. Jóelsson og Ásta M. Jónsdóttir
Samþykkt samhljóða og til vara. Jenný K. Harðardóttir. Samþykkt.

7. Kosning nefnda í eitt ár.

Endurmatsteymi starfsmats:

Þorgerður Guðmundsdóttir
Til vara Halla Þórhallsdóttir.

Samþykkt samhljóða.

Tillaga um þrjá aðila í Uppstillinganefnd

Ástríður Sigþórsdóttir
Hrefna Gunnarsdóttir
Hafsteinn Ingibergsson

Samþykkt samhljóða.

Orlofsnefnd Tilnefnd eru eftirfarandi aðilar.

Hermann Ólason,
Elísabet Sævarsdóttir,
Ágústa Guðmundsdóttir,
Ástríður Sigþórsdóttir,
Berglind Fanney Guðlaugsdóttir

Samþykkt samhljóða.

Starfsmenntunarsjóður Tilnefndar eftirfarandi aðilar.

Ásdís Óskarsdóttir
Sigurbjörg Gísladóttir.

Samþykkt samhljóða.

Eftirlaunasjóður starfsmanna Reykjanesbæjar.

Aðalmaður: Ásdís Óskarsdóttir
Varamaður Sigurbjörg Gísladóttir.

Samþykkt samhljóða.

8. Ákvörðun félagsgjalda. Samþykkt að vísa þessu máli til stjórnar.

9. Kosning fulltrúa á þing B.S.R.B. Vísað til stjórnar.

10. Önnur mál.

Stefán formaður þakkaði traustið sem honum var sýnt með kosningunni.

Spurning kom úr sal: Af hverju eigum við ekki verkfallssjóð? Stefán sagði að það væru mörg félög sem ættu ekki verkfallssjóð, en skoða þarf það mál og eflaust hækka félagsgjald ef honum verður komið á.

Hvað á að gera við hús félagsins á Hafnargötunni? Einhver leki varð á skrifstofunni og er búið að laga það og vonandi selst húsið sem fyrst.

Samningar okkar félags rennur út 30. apríl n.k.

Margrét Böðvarsdóttir er hætt störfum og var henni þakkað fyrir störf hennar í félaginu s.l. 20 ár og færður blómvöndur.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl: 21:55

Fundarritari Ágústa Guðmundsdóttir.